

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 6. maí 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson. Auk þess mætti á fundinn Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi PwC.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2008.

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins fyrir árið 2008 sem Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi skýrði. Hann lagði auk ársreikningsins fram samanburð á rauntölum og fjárhagsáætlunum ársins, bæði upphaflega fjárhagsáætlun og endurskoðaða áætlun.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og fór yfir bæði einstaka liði og heildarsamantektir og samþykkti að vísa ársreikningi til annarrar umræðu.

2. Önnur mál

Halldór færði sveitarstjórn þakkir frá Umf. Fram fyrir stuðning við félagið og lagði jafnframt fram til kynningar ársreikning félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁵⁰

Adolf H. Berndsen,

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson,

Sigríður Gestsdóttir,

Erla Jónsdóttir

Magnús B. Jónsson